

Sp.

181. Skýrsla

[162. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1984.

INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum 1984 urðu sem hér segir:

	Millj. kr.
Almennar hafnir	160,5
Reykjavíkurhöfn	30,1
Landshafnir	10,6
Ferjuhafnir	5,7
Samtals:	206,9

Árið 1983 voru heildarframkvæmdir í höfnum 184,5 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru tölur um framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkisluta framkvæmda, svo og stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum.

FRAMKVÆMDIR 1984 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Unnið var við styrkingu brimvarnargarðsins. Verkið var boðið út í maí 1984. Tilboði Taks hf. Búðardal og Borgarverks Akranesi var tekið. Lagðir voru út 4 400 m³ af kjarngrijóti og 5 900 m³ af 0,5—0,3 tonna steinum. Notast var við grjótpramma Hafnamála-stofnunar. Verkinu lauk 7. september. Keypt var af verktaka grjót stærra en 4 tonn fyrir 200 kr. rúmmetrinn, alls 1 700 rúmmetrar, þetta grjót verður síðar nýtt í brimvarnargarðinn. Settur var upp nýr polli og ljóskastari á aðalhafnargarð og samið var um rétt til vinnslu grjóts í Saltvíkurnámu. Gert var við skemmdir á grjótgardi norðan Lambhúsasunds sem urðu í flóðinu 5. janúar 1984. Í það fóru 1 200 m³ af kjarna, 1 150 m³ af grjóti 0,5—2,0 tonn og 1 000 m³ af grjóti 2,0—4,0 tonn. Steypt var þekja við viðgerðakantinn alls um 600 m³ og byggt raftengihús. Settir voru upp ljóskastarar. Steyptar voru skv. tilboði 9 trefjasteypuflo-
einingar. Þær voru tengdar saman og settar niður vestan Akraborgarbryggju til bráðabirgða.

Framkvæmdakostnaður: 7 434 þús. kr.

Borgarnes.

Keypt var efni í stálþilskant, 60 m langan. Undirbúningur stálþilsrekstursins var hafinn haustið 1984 með útkeyrslu fyllingar bak við fyrirhugað stálþil. Stálþilsrekstur var ekki hafinn um áramótin en lokið var við allan undirbúning. Verkið hófst 12. nóvember og lauk 21. desember.

Framkvæmdakostnaður: 5 438 þús. kr.

Arnarstapi.

Unnið var við endurbyggingu grjótgarðs, sem byggður var árið 1976 en hann hafði látið mikið á sjá í óveðrum undanfarinna ára. Hönnun garðsins og útboðslýsing var unnin í samvinnu við Almennu verkfræðistofuna. Verkið var boðið út í júlíbyrjun 1984. Verklok voru samkvæmt verksamningi 1. október 1984. Verkið gekk miklu hægar en áætlað hafði verið og var því ekki lokið um áramót. Hafði vertakinn þá keyrt um 10 000 m³ af grjóti í garðinn en heildarmagn samkvæmt samningi er 14 600 m³.

Framkvæmdakostnaður: 4 376 þús. kr.

Hellnar.

Tæknikostnaður: 0,7 þús. kr.

Ólafsvík.

Unnið var að frágangi á Suðurgarði. Steyptir voru 500 m² þekju. Malbikuð var braut meðfram höfninni. Steypt var ljósamasturshús en frágangi þess er ólokið.

Framkvæmdakostnaður: 2 677,4 þús. kr.

Grundarfjörður.

Keyptur var löndunarkrani og hann settur upp. Heimamenn sáu um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 747,2 þús. kr.

Stykkishólmur.

Unnið var við innsiglingarljós í Skipavík, þar sem nýja vöruhöfnin er. Settur var upp löndunarkrani, en hann var til frá fyrri tíma. Unnið var að endurbótum upptökubúnaðar í dráttarbrautinni í Skipavík.

Framkvæmdakostnaður: 1 410 þús. kr.

Karlsey.

Tæknikostnaður og fl.: 53,3 þús. kr.

Örlygshöfn.

Tæknikostnaður og fl.: 2,5 þús. kr.

Patreksfjörður.

Unnið var við endurnýjun raflagna í höfninni. Lögð var ný stofnlögn og stjórntafla en tengingum var ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 890 þús. kr.

Tálknafjörður.

Keypt var efni í raflögn í nýja stálþilskantinn.

Framkvæmdakostnaður: 760,7 þús. kr.

Bíldudalur.

Tæknikostnaður o. fl.: 19,2 þús. kr.

Þingeyri.

Unnið var við frágang hafnarvogar. Unnið var við lýsingu á hafnarsvæðinu.

Framkvæmdakostnaður: 570,7 þús. kr.

Flateyri.

Tæknikostnaður o. fl.: 25,1 þús. kr.

Suðureyri.

Unnið var við innsiglingarmerki.

Framkvæmdakostnaður: 573,5 þús. kr.

Bolungarvík.

Boðið var út vatnslögn og ljósamasturshús á Grundargarði. Tilboði lægstbjóðanda var tekið og verkinu var lokið fyrir áramót. Vegna vaxandi skemmda á Brjótum varð að byggja grjótörn utan á hann. Hér var um að ræða 7 000 m³ af grjóti. Grjótið var tekið á Skálavíkurheiði og gekk það verk vel. Verkið hófst 30. ágúst og lauk 13. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 4 778,1 þús. kr.

Ísafjörður.

Endurnýjuð var vatnslögn í Batahöfn og raflögn að hluta. Steyptur var landveggur fyrir væntanlega harðviðarbyggju í Sundahöfn. Sementsbyggjan við steypustöðina var endurbyggð.

Framkvæmdakostnaður: 4 993,8 þús. kr.

Súðavík.

Tæknikostnaður: 127,8 þús. kr.

Norðurfjörður.

Hafin var bygging nýs hafnargarðs. Verkið var hannað af Almennu Verkfræðistofunni, Reykjavík, og sá hún um útboðsgögn. Hafnamalastofnun bauð verkið út í maímánuði 1984. Tekið var næstlægsta tilboði en það átti Vísir h.f., Akranesi. Verkið er grjótgarður 125 m langur eða 46 000 m³ af grjóti og kjarnagrjóti. Verkið hófst 15. júlí en vinnu var hætt 20. desember. Voru þá komnir um 30 000 m³ í garðinn.

Framkvæmdakostnaður: 6 775,6 þús. kr.

Drangsnes.

Tæknikostnaður: 4 þús. kr.

Hólmavík.

Sett var upp ljósamastur við nýja stálpilið.

Framkvæmdakostnaður: 270,8 þús. kr.

Hvammstangi.

Grjótörn á Norðurgarði var styrkt og endurbætt. Í það fóru um 1 500 m³ af grjóti, sem var tekið við bæinn Bjarg í Miðfirði. Verkið hófst 30. júlí og lauk 25. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 1 251,4 þús. kr.

Blönduós.

Gert var við tjón á þekju. Lokið var við skýrslu um líkantilraunir.

Framkvæmdakostnaður: 309,8 þús. kr.

Skagaströnd.

Unnið var að byggingu dráttarbrautar og var það verk langt komið um áramót. Hér er um að ræða 200 þungatonna braut, án hliðafærslu, í þessum áfanga. Gengið var frá braut í sjó, smíðaður dráttarbrautarvagn, byggt spilhús, og dráttarspil sett upp. Frágangi var ólokið um áramót. Keypt var bílavog og hún sett upp. Byggt var vogarhús. Hér er um 50 tonna tölvuvog að ræða. Stálþil, sem keypt var á sínum tíma vegna dráttarbrautarinnar var selt. Vinna hófst 26. mars og stóð með hléum til ársloka.

Framkvæmdakostnaður: 8 089 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Unnið var að grjótleit. Jarðfræðingur rannsaði næsta nágrenni og leitaði að heppilegu grjótnámi.

Framkvæmdakostnaður: 436,5 þús. kr.

Hofsós.

Lokið var við byggingu grjótvagnar. Vinnsla stórs grjóts var boðin út, alls 10 000 m³. Samið var við lægstbjóðanda, Os sf., og Pálma Friðriksson, Skagafirði. Grjótið var tekið við bæinn Hraun í Unadal. Hafnamálastofnun sá um útsetningu grjótsins í garðinn en verktaki afhenti grjótið á útsetningarstað. Verkið hófst 29. maí og lauk 19. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 6 707,5 þús. kr.

Siglufjörður.

Unnið var að byggingu hafnarvogar. Steypt var vogargryfja og pallur. Einnig var reist vogarhús. Vogarbúnaður var keyptur en hann var óuppsettur um áramót. Heimamenn sáu um framkvæmdir. Keypt var timbur í smábátakant sem byggður verður innan við eyrina í gömlu höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 2 171 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Unnið var við byggingu hafnarvogar. Keyptur var vogarbúnaður, steypt vogargryfja og pallur. Sjávarföll og öldur voru mældar utan og innan hafnar.

Framkvæmdakostnaður: 1 636,7 þús. kr.

Dalvík.

Unnið var við byggingu stálþilskants innan á Norðurgarði, á um 100 m kafla, og grjótvörn sett á hann, alls um 3 000 m³. Keypt var stálþil og rekið niður, alls 94 m. Fyllt var í það og gengið frá því með bráðabirgðapollum og -þybbum. Steypt voru tvö ljósamasturshús og gengið frá lögnum í þau.

Framkvæmdakostnaður: 10 017 þús. kr.

Hrísey.

Tæknikostnaður o. fl.: 6,7 þús. kr.

Árskógssandur.

Tæknikostnaður: 6 þús. kr.

Hauganes.

Tæknikostnaður o. fl.: 21,7 þús. kr.

Hjalteyri.

Tæknikostnaður: 1,1 þús. kr.

Akureyri.

Unnið var að dýpkunum með Háki, dælupramma Hafnamálastofnunar. Þegar dælingum lauk 9. júní hafði Hákur dælt rúmlega 26 000 m³ af sandi. Heimamenn sáu um frágang uppfyllingar norðan Togarabryggju og gerð grjótgarðs í Sandgerðisbót. Hluti Krossanesbryggju var endurbyggður. Unnið var við skipulag hafnarsvæðisins á Arkitektastofu Svans Eiríkssonar.

Framkvæmdakostnaður: 12 805,8 þús. kr.

Svalbarðseyri.

Tæknikostnaður o. fl.: 100,1 þús. kr.

Grenivík.

Unnið var við raflögn í hafnargarðinum. Einnig var mokað upp leifum fyllingar meðfram nýja stálþilinu innst við garðinn. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 936,5 þús. kr.

Grimsey.

Uppgjör: 164,3 þús. kr.

Húsavík.

Dælupramminn Hákur kom til Húsavíkur 12. júní og var þar til 11. ágúst. Hákur dældi úr smábátahöfninni, við dráttarbrautina og upp með Norðurgarði. Efninu sem fékkst í smábátahöfninni, alls 16 200 m³, var dælt í fyllingu utan við Suðurgarð en fyrirstöðugarður með grjótörn hafði verið byggður árið áður. Efninu sem fékkst upp með Norðurgarði, alls 16 200 m³, var dælt í gámasvæðið efst við Norðurgarð. Gengið var frá því með fyrirstöðugarði og grjótörn. Síðar var keyrt á þetta svæði burðarlag og það malbikað, alls 5 000 m². Hákur dældi alls upp 21 500 m³ úr Húsavíkurhöfn. Verkið hófst 7. ágúst og lauk 20. október.

Framkvæmdakostnaður: 9 649,9 þús. kr.

Kópasker.

Tæknikostnaður: 8,4 þús. kr.

Raufarhöfn.

Keyrður var út fyrirstöðugarður, 70 m langur, framan við væntanlegt frystihús. Í garðinn fóru um 5 500 rúmmetrar af grjóti og kjarna, einnig fóru um 1 000 rúmmetrar í veg að námu í fjörunni um 3 km vestan við þorpið. Unnið var við innsiglingarmerki. Sett var upp eitt bakmerki og lokið við frágang annars. Verkið hófst 19. júlí og lauk 2. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 1 632,2 þús. kr.

Þórshöfn.

Öldumælingar, tæknikostnaður: 230,3 þús. kr.

Bakkafjörður.

Haldið var áfram byggingu brimvarnargarðsins, sem er fyrsti áfangi nýrrar hafnar, um einum km innan við þorpið. Keyrdir voru í garðinn rúmlega 50 000 m³ af grjóti á árinu 1984, svo alls fóru í garðinn tæpir 106 000 m³ af grjóti og fyllingarefni. Það er um 16 000 m³ meira en teikningar gerðu ráð fyrir. Gerður var samningur við verktaka um vinnslu á grjóti (5 000

m³) í Nónfjalli sem er í 30 km fjarlægð frá hafnarsvæðinu. Verkinu lauk í desemberbyrjun og var það tekið út 7. desember af verkkaupa. Uppgjöri við verktaka var ólokið um áramót, þar eð verktaki ætlaði að leggja fram kröfur vegna aukakostnaðar.

Framkvæmdakostnaður: 19 163,8 þús. kr.

Vopnafjörður.

Tæknikostnaður o. fl.: 87,6 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Grjót- og öldurannsóknir. Endurbygging hafnarvogar.

Framkvæmdakostnaður: 1 105,9 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Byrjað var á innréttingu smábátahafnar með uppsetningu flotbryggju. Unnið var að lagfæringu ferjuaðstöðu. Heimamenn sáu um þessi verk. Unnið var við rannsóknir vegna fyrirhugaðrar dráttarbrautar.

Framkvæmdakostnaður: 1 653,0 þús. kr.

Neskaupstaður.

Tæknikostnaður o. fl. 62,8 þús. kr.

Eskifjörður.

Tæknikostnaður: 13,9 þús. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Gert var við Bæjarbryggju. Endurnýjuð var þekja úr timbri, alls um 400 m². Verkið hófst 30. apríl og lauk 28. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 1 450,7 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Keypt var efni í rúmlega 200 m stálþil. Settur var upp löndunarkrani.

Framkvæmdakostnaður: 7 257,6 þús. kr.

Breiðdalsvík.

Endurnýjuð var timburbryggja, sem er aðalviðlegu- og löndunarkantur fiskiskipa. Verkið hófst 23. júní og lauk 3. september.

Framkvæmdakostnaður: 2 021,7 þús. kr.

Djúpivogur.

Tæknikostnaður o. fl.: 22,7 þús. kr.

Höfn í Hornafirði.

Dælt var úr höfninni. Heimamenn sáu um verkið og var það unnið með sanddælu, sem þeir hafa keypt af Flugmálastjórn.

Framkvæmdakostnaður: 1 264,2 þús. kr.

Dyrhólaey.

Haldið var áfram uppsetningu landtöku fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 434,2 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var við skipalyftuna við raflagnir o.fl. Dæluprammi heimamanna dældi úr höfninni á svæðinu fyrir framan skipalyftuna, alls rúmlega 12 000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 383,2 þús. kr.

Stokkseyri.

Lokið var uppsetningu fjögurra innsiglingarmerkja.

Framkvæmdakostnaður: 1 286,6 þús. kr.

Eyrbakki.

Krani gróf úr höfninni upp með viðlegukanti báta, alls um 2000 m³. Heimamenn sáu um framkvæmdina.

Framkvæmdakostnaður: 498,1 þús. kr.

Grindavík.

Samið var við vélaeigendur og vörubílstjóra í Grindavík um útkeyrslu fyrirstöðugarðs í austurenda hafnarinnar. Garðurinn er u.þ.b. 500 m langur og um 17 000 m³. Efnid í garðinn var tekið úr hrauninu í 200 m fjarlægð. Sett var grjót á garðinn sem tekið var við Melhól í um 3 km fjarlægð. Verkið hófst 12. nóvember en var ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 1 376,7 þús. kr.

Hafnir.

Keyrð var grjótvörn utan á bryggjuna. Verkið var unnið frá 5. mars til 27. apríl.

Framkvæmdakostnaður	1 030 þús. kr.
Tjónastyrkur	1 000 þús. kr.
Mismunur	30 þús. kr.

Sandgerði.

Grafið var upp úr skurði, sem sprengdur hafði verið árið áður, rekið niður stálþil 2 × 60, bundið og fyllt að, gengið frá bráðabirgðakanti og lýsingu.

Grabbað var frá þilinu með krana eins og hægt var.

Framkvæmdakostnaður: 8 841,6 þús. kr.

Vogar.

Tæknikostnaður: 11,9 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var við Suðurbakka, annan áfanga. Verkið var að mestu boðið út. Hafnamála-stofnun sá um gerð útboðsgagna. Tekið var lægsta tilboði og samið við Þorstein Sveinsson og Hjört Gunnarsson, Hafnarfirði. Verkið var raf- og vatnslagnir ásamt brunnum, ljósamast-urshús og um 1 200 m² þekja.

Framkvæmdakostnaður: 3 642 þús. kr.

Garðabær.

Vinna hófst í janúar við dýpkun viðlegudokkar framan við skipasmíðastöðina Stálvík. Þetta verk var boðið út og samið um það við verktakann Rein s.f. í árslok 1983. Verkið var dýpkun með sprengingum á 30 × 80 m² lægi við væntanlegan stálþilskant. Sprengt efni var um 13 000 m³ og laust efni um 7 000 m³. Verkinu lauk í ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 12 082,8 þús. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Í Vesturhöfn var unnið við grjótvörn landfyllingar við olústöð. Í tengslum við þá framkvæmd var gengið frá útrás sem síðar mun taka við frárennsli frá sameinuðu holræsakerfi Vesturhafnar. Grjótvörn utan við frystihús Ísbjarnarins við Norðurgarð var aukin, endurbætt, og Norðurslóð sem liggur með húsinu austanverðu var malbikuð. Unnið var að ýmsum frágangi bryggju og aðkomuleiðar við Eyjagarð í tengslum við framkvæmdir olúfélaganna. Við kaup Eimskipafélags Íslands á gámakrana á Kleppsbakka ákvað hafnarstjórn að leggja til burðarbita undir spor kranans. Undir bitann voru reknir 114 steyptir staurar 12 til 17 m langir. Staurarekstur var unninn af Vegagerð ríkisins, en sænska fyrirtækið Binab sendi mann og búnað til fullnaðarrekturs staura og mælinga burðargetu. Í Kleppsvík var boðin út gerð II. áfanga Holtabakka og var verkið falið Köfunarstöðinni hf., en tilboð fyrirtækisins var 76,71% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið gekk hægar en áætlað var, aðallega vegna tafa á afhendingu efnis í stálpil.

Yfirlit yfir fjárfestingu 1984:

Gamla höfnin:	þús. kr.
Landauki í Vesturhöfn	3 150
Gatnagerð í Vesturhöfn	1 000
Útrás holræsa	831
Vatnagarðar:	
Styrking Kleppsbakka	8 612
Kleppsvík:	
Holtabakki, lenging	9 593
Gatnagerð	1 308
Olíuhöfn:	
Eyjagarður	721
Ýmislegt:	
Húsakaup	1 909
Endurnýjun tækja	3 020
	<hr/>
Samtals:	30 144

LANDSHAFNIR.

Keflavík—Njarðvík.

Unnið var við nýja stálpilsbakkann í Njarðvík. Gengið var frá þekju og lögnum. Unnið var við verkið frá 21. maí til 22. júní. Einnig var gámasvæðið malbikað, alls um 7 000 m². Verkið var boðið út og sá verkfræðistofa Suðurnesja um útboðsgögnin.

Framkvæmdakostnaður: 5 100 þús. kr.

Rif.

Framkvæmdakostnaður: 140 þús. kr.

Þorlákshöfn.

Grjótvörn í vikinu suðvestan við suðurvarnargarð var fært út svo landauki myndaðist undir athafnasvæði fyrir væntanlegan vikurútlutning. Verkið var boðið út. Lægstbjóðandi var Sveinbjörn Runólfsson sf. og Fossvélar hf. Tilboð þeirra var mun lægra en kostnaðaráætlun Almennu verkfræðistofunnar, sem sá um gerð útboðsgagna. Efníð var að mestu tekið á staðnum, en grjót var unnið til viðbótar í námu við Hafnarberg, alls um 10 500

m³. Verkið gekk mjög vel, það hófst í nóvember og lauk um miðjan desember. Samið var við verktaka um lagningu grjótvornar á Norðurgarð. Var það verk unnið jafnframt hinu verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 5 400 þús. kr.

FERJUBRYGGJUR.

Við ferjubryggjur var unnið á eftirtöldum stöðum:

Brjánslæk, Búðardal, Flatey á Breiðafirði, Hvallátrum, Múlanesi, Skáleyjum, Mjólká, Ögri, Æðey og víðar.

Stærstu verkin voru: Í Borgarvogi við Mjólká var byggð bryggja. Byggður var grjótgarður um 40 m langur og 6 m viðlegukantur úr timbri utan á hann. Í garðinn fóru rúmlega 7 000 m³ af fyllingu og grjóti. Unnið var við verkið frá 22. ágúst til 26. september.

Í Flatey á Breiðafirði var gert við bryggjuna. Verkið hófst í byrjun maí og lauk 5. júlí.

Í Ögri var gert við skemmdir á stöplum og brúm. Verkið hófst um miðjan júlí og lauk í lok júlí.

Í Hvallátrum og Skáleyjum voru steyptar þekjur.

Framkvæmdakostnaður alls: 5 716,1 þús. kr.

SJÓVARNARGARÐAR.

Unnið var víða við sjóvarnargarða. Stærstu verkin voru á Akranesi, Álftanesi, Miðneshreppi, Sauðárkróki og Seltjarnarnesi, öll á bilinu 1—2 m.kr.

Á Akranesi var byggður sjóvarnargarður við Ægisbraut, 580 m langur og grjótvörn við Steinsvör, alls um 19 600 m³. Var ákvörðun um byggingu þessarar flóðvarna tekin í kjölfar flóðanna í ársbyrjun 1984. Verkið var boðið út og unnið af verktaka.

Í Miðneshreppi var byggður sjóvarnargarður frá Sandgerðishöfn um 300 m í norður eftir ströndinni. Á Sauðárkróki var vegurinn framan við kaupstaðinn varinn. Á Siglufirði var keyrð grjótvörn á fjöruna utan við dráttarbrautina að síldarverksmiðjunum, alls um 2 000 m³.

Á Seltjarnarnesi var unnið í Gróttu, á Kotagrandu og í Sandvík. Á Ólafsvík var unnið við vörn þjóðvegarsins inni í þorpinu. Vegagerðin sá um framkvæmdir. Í Búðardal var gerður sjóvarnargarður við Ægisbraut og framan við sláturhús, samtals um 3 000 m³.

Í Vestmannaeyjum var unnið að bráðabirgðastyrkingu Eiðis. Gerð var skýrsla um strandvarnir og flóðhættu í nágrenni Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selvogs. Hún var unnin af Fjarhitun hf.

Framkvæmdakostnaður: 14 190,3 þús. kr.

ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR.

Á árinu 1984 var unnið að almennum könnunum hafnarstæða sem fyrr. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Borgarnes	Kannað þilstæði
Brjánslækur	Könnun vegna ferjuhafnar og smábátaaðstöðu.
Ísafjörður	Könnun vegna dráttarbrautar.
Súðavík	Borað framan við frystihús vegna löndunarbyggju.
Seyðisfjörður	Borað vegna fyrirhugaðrar dráttarbrautar.
Grindavík	Borað vegna væntanlegrar smábátahafnar.
Hafnarfjörður	Borað framan við skipasmíðastöðvarnar Dröfn og Bátalón. Einnig var kannaður botn í Suðurhöfn vegna stækkunar vöruhafnar.
Garðabær	Könnun vegna skipasmíðakants.

Mælingar í höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirtöldum stöðum:
Akranesi, Arnarstapa, Rifi, Tálknafirði, Bolungarvík, Skagaströnd, Siglufirði, Ólafsvík, Akureyri, Grenivík, Húsavík, Bakkafirði, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Njarðvík, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Einnig var öldudúfl á Grímseyjar-sundi við Þórshöfn og við Hafnarhólma, Borgarfirði eystra.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR.

Hafnamálastofnun rekur dæluprammann Hák.

Árið 1984 dældi Hákur á eftirtöldum stöðum:

Akureyri	26 100 m ³
Húsavík	21 500 m ³
	<hr/>
Alls:	47 600 m ³

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnaframkvæmdir 1984
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.	Ríkishluti
I. A* nennar hafnir:				
Akra es	Grjót í fót aðalhafnarg.	75%	4 450,0	
	Viðgerð á grjótg. Lamb- húsas. o. fl.	75%	2 588,0	
	Lambhúsasund: Þekja á viðg.kant o. fl.	75%	863,0	
	Flotbryggja: Eimingar byggðar ..	75%	801,0	
	Styrking grjótgarðs o. fl. '83	75%	232,0	
	Tjónastyrkur		(1 500,00)	
				7 434,0
Borgarnes	Efni í nýjan stálþilsbakka	75%	3 700,0	
	Byrjunarframkv. við rekstur þils ..	75%	1 738,0	
			5 438,0	4 078,0
Arnarstapi	Endurbætur grjótgarðs	75%	4 376,0	3 282,0
Hellnar	Tæknikostnaður	75%	0,7	0,5
Ólafsvík	Suðurhöfn: Þekja og slitlag	75%	1 663,0	
	Ljósamasturshús við timburbr. ..	75%	446,0	
	Leiðarljós og viðgerð á grjótg. '83	75%	568,4	
				2 677,4
Grundarfjörður	Löndunarkrani	40%	338,0	
	Vextir og gengismunur	75%	600,0	
	Steyptur kantur o. fl.	75%	(190,8)	
			747,2	442,1
Stykkishólmur	Uppsetning löndunarkrana	40%	214,0	
	Lagnir Skipavík	75%	602,0	
	Dráttarbr.: Upptöku og stillibún.	40%	440,0	
	Innsiglingaljós	75%	170,0	
	Trébryggja o. fl.	75%	(16)	
			1 410,0	828,6
Karlsey	Tæknikostnaður o. fl.	75%	53,3	40,0
Örlygshöfn	Tæknikostnaður o. fl.	75%	2,5	1,9
Patreksfjörður	Endurnýjun raflagna	75%	890,0	667,5
Tálknafjörður	Dýpkun	75%	566,0	
	Stálþil og kantur '83	75%	194,7	
			760,7	570,5
Bíldudalur	Tæknikostnaður o. fl.	75%	19,2	14,4
Þingeyri	Lokafrágangur hafnarvigtar	40%	262,0	
	Lýsing hafnarsvæðis	75%	296,0	
	Hafnarvog	40%	12,7	
				570,7
Flateyri	Tæknikostnaður o. fl.	75%	25,1	18,8
Suðureyri	Innsiglingarmerki o. fl.	75%	410,0	
	Þekja '83	75%	163,5	
			573,5	430,1

Höfn	Verkefni	Ríkisluti %	Heildarkostn.	Ríkisluti
Bolungarvík	Grundarg.: Endurnýjun lagna ..	75%	412,0	
	Lýsing á Brjót og bátabryggju ..	75%	462,0	
	Grjót utan á Brjót o. fl.	75%	6 334,0	
	Líkan og öldumælingar	75%	2 200,0	
	Fjármagnskostnaður	75%	612,0	
	Stálþilbakki '83	75%	58,1	
	Tjónastyrkur	75%	(5 300,0)	
			4 778,1	3 583,6
Ísafjörður	Bátahöfn: Vatn, raflagnir	75%	867,0	
	Löndunarbr. Mávag.: Steyptur landveggur og keyptir staurar ..	75%	2 720,0	
	Endurbætur sementsbryggju v/Grænagarðs	75%	398,0	
	Mælingar og rannsóknir	40%	1 012,0	
	Löndunarbryggja '83	75%	(3,2)	
			4 993,8	3 391,1
Súðavík Norðurfjörður	Tæknikostnaður	75%	127,8	95,8
	Grjótgarður (verki ekki lokið) ..	75%	6 315,3	
	Öldumælingar	75%	245,0	
	Fjármagnskostnaður		215,3	
			6 775,6	5 081,7
Dranganes Hólmavík	Tæknikostnaður o. fl.	75%	4,0	3,0
	Ljósamastur	75%	259,5	
	Kantur og lagnir	75%	11,3	
			270,8	203,1
Hvammstangi	Norðurgarður: Viðgerð á grjótvörn	75%		1 251,4
Blönduós	Tjónaviðg.	75%	87,0	
	Rannsóknir o. fl.	75%	444,0	
	Líkan o. fl. '83	75%	(121,2)	
	Tjónastyrkur		(100,0)	
			309,8	232,3
Skagaströnd	Dráttarbraut	40%	7 158,2	
	Bílavog	40%	1 466,0	
	Selt þil	40%	(672,2)	
	Tæknikostnaður o. fl.	75%	205,0	
	Dráttarbraut '83	40%	32	
	Tjónastyrkur		(100,0)	
			8 089,0	3 272,3
Sauðárkrúkur	Rannsóknir og grjótleit	75%	229,5	
	Lagnir o. fl. '83	75%	207,0	
			436,5	327,4
Hofsós	Norðurgarður: Grjótvörn og viðgerð á þekju	75%	6 004,0	
	Brimvarnargarður o. fl. '83	75%	703,5	
			6 707,5	5 030,6
Siglufjörður	Hafnarvog 1. áf.	40%	1 180,0	
	Smábátabr., efni o. fl.	75%	991,0	
			2 171,0	1 215,2
Ólafsfjörður	Hafnarvog 1. áf.	40%	1 100,0	
	Öldumælingar	75%	510,0	
	Viðgerð á Vesturgarði '83	75%	26,7	
			1 636,7	842,5
Dalvík	Norðurg.: Stálþil, grjótvörn og ljósam.	75%		7 512,7
			10 017,0	

Höfn	Verkefni	Ríkisluti %	Heildarkostn.	Ríkisluti
Hrísey	Tæknikostnaður		40,2	40,2
	Viðgerð á Suðurgarði '83	75%	(33,5)	
Árskógssandur	Tæknikostnaður	75%		6,7
	Tæknikostnaður o. fl.	75%		6,0
Hauganes	Tæknikostnaður o. fl.	75%	21,7	16,3
Hjalteyri	Tæknikostnaður	75%	1,1	0,8
Akureyri	Togarabryggja	75%	1 786,6	
	Sandgerðisbót:			
	Grjótg. o. fl., verklok	75%	5 251,0	
	Dýpkun Sandg. bótar, togara-			
	kant og Krossanesbryggju	75%	5 236,4	
	Viðgerð Krossanesbryggju	75%	501,0	
	Skipulag '83	75%	30,8	
			12 805,8	9 604,3
Svalbarðseyri Grenivík	Tæknikostnaður o. fl.	75%	100,1	
	Dýpkun	75%	300,0	
	Raflagnir	75%	350,0	
	Fylling o. fl. '83	75%	286,5	
			936,5	702,4)
Grímsey	Seldur harðviður o. fl.	75%	(15,6)	
	Viðgerð á garði '83	75%	(148,7)	
			(164,3)	
Flatey á Skjálfanda Húsavík	Tæknikostnaður	75%	0,5	
	Smábátahöfn: Dýpkun	75%	5 987,0	
	Norðurgarður: Gámaplan	75%	4 301,0	
	Fylling o. fl.	75%	(638,1)	
			9 649,9	7 237,4
Kópasker Raufarhöfn	Tæknikostnaður	75%		8,4
	Löndunarkantur: Fylling 1. áf.	75%	1 206,0	
	Innsiglingarmerki	75%	453,0	
	Stálþilsbakki o.fl.		(26,8)	
			1 632,2	1 224,1
Þórshöfn	Öldumælingar	75%	170,2	
	Tæknikostnaður	75%	60,1	
			230,3	172,7
Bakkafjörður Vopnafjörður Borgarf. eystri	Brimvarnargarður	75%		19 163,8
	Tæknikostnaður o. fl.	75%		87,6
	Grjót- og öldurannsóknir	75%	745,9	
	Endurbuygging hafnarvogar	40%	360,0	
			1 105,9	703,4
Seyðisfjörður	Flotbryggja og lagfæring			
	ferjuaðstöðu	75%	558,0	
	Dráttarbraut: Rannsóknir	40%	998,4	
	Tæknikostnaður	75%	123,0	
Dýpkun smábátahafnar '83	75%	(26,4)		
			1 653,0	890,3
Neskaupstaður	Tæknikostnaður	75%	17,3	
	Þekja '83	75%	45,5	
			62,8	47,1
Eskifjörður Fáskrúðsfjörður	Tæknikostnaður	75%		13,9
	Viðgerð á timburbryggju	75%	1 120,7	
	Slippur frá fyrra ári	40%	330,0	
			1 450,7	972,5
Stöðvarfjörður	Stálþil og festingar (efniskaup)	75%	6 860,6	
	Löndunarkrani	40%	403,0	
	Grjótgarður '83	75%	(6,0)	
			7 257,6	5 302,1

Höfn	Verkefni	Ríkisluti %	Heildarkostn.	Ríkisluti
Breiðdalsvík Djúpivogur	Viðgerð á timburbyggju	75%	2 021,7	1 516,3
	Tæknikostnaður o. fl.	75%	9,8	
	Þekja '83	75%	12,9	
			22,7	17,0
Höfn í Hornafirði	Dýpkun	75%	1 272,3	
	Lagnir o. fl.	75%	(8,1)	
			1 264,2	948,1
Dyrhólaey Vestmannaeyjar	Lendingarbætur	75%	434,2	325,6
	Skipalyfta: Færsluhús o. fl.	40%	829,5	
	Dýpkun o. fl.	75%	2 026,9	
	Viðgerðarkantur o. fl.	75%	(2 473,2)	
			383,2	(2,9)
Stokkseyri	Innsiglingarmerki o. fl.	75%	1 3491,4	
	Tæknikostnaður o. fl.	75%	(62,8)	
			1 286,3	964,9
Eyrarbakki Grindavík	Dýpkun	75%	498,1	373,6
	Smábátahöfn: Fyrirstöðugarður .	75%	1 491,3	
	Rannsóknir	75%	14,9	
	Viðgerð á timburbyggju '83 ...	75%	(129,5)	
			1 376,7	1 032,5
Hafnir í Höfnum	Grjótvörn utan á bryggju	75%	1 030,0	
	Tjónastyrkur		(1 000,0)	
			30,0	22,5
Sandgerði	Stálþilsgarður lengdur	75%	9 236,2	
	Borun og sprengingar '83	75%	(261,6)	
	Hafnarvog '83	40%	(133,0)	
			8 841,6	6 677,7
Vogar Hafnarfjörður	Tæknikostnaður	75%	11,9	8,9
	Suðurbakki 2. áf., lagnir, þekja o. fl.	75%	4 446,0	
	Stálþil og grjótvörn -3	75%	(804,0)	
			3 642,0	2 731,5
Garðabær	Viðgerðarkostnaður 1. áf.	75%	12 082,8	9 062,1
			160 473,2	114 987,4
		40%	14 676,6	
		75%	145 796,6	160 473,2
				114 987,4
II. Landhafnir:				
Keflavík — Njarðvík	Stálþilb.: Frágangur			
	lagna og þekja		1 100,0	
	Gámasvæði malbikað		4 000,0	
				5 100,0
Rif Þorlákshöfn	Tæknikostnaður			140,0
	Svartaskersgarður: Viðgerð og hækkun		1 000,0	
	Land undir Víkurgarð		3 800,0	
	Öldumælingar		600,0	
				5 400,0
				10 640,0

Höfn	Verkefni	Ríkisluti %	Heildarkostn.	Ríkisluti
III. Ferjuhafnir:				
Brjánslækur			86,9
Búðardalur				446,0
Flatey á Breiðafirði				1 545,4
Hvallátrar				261,4
Múlanes				112,7
Skáleyjar				532,4
Mjólká				1 485,0
Ögur				716,4
Æðey				426,2
Aðrar				103,7
				<hr/> 5 716,1
IV. Reykjavíkurhöfn:				
Gamla höfnin:				
Landauki Vesturhöfn				3 150,0
Gatnagerð Vesturhöfn				1 000,0
Úrás holræsa				831,0
Vatnagarðar:				
Styrking Kleppsbakka				8 612,0
Kleppsvík:				
Holtabakki, lenging				9 593
Gatnagerð				1 308,0
Olíuhöfn:				
Eyjagarður				721,0
Ýmislegt:				
Húsakaup				1 909,0
Endurnýjun tækja			3 020,0
				<hr/> 30 144,0
				206 973,3
				Framkvæmdir alls 1983

Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

	Þús. kr.
Akranes	4 752,0
Álftanes	1 549,4
Búðardalur	418,8
Dalvík	73,4
Eyrbakki	228,6
Grótta	377,8
Hvaleyri	218,7
Hafnir í Höfnum	825,9
Miðneshreppur	1 524,4
Ólafsvík	553,7
Sauðárkrókur	1 772,4
Seltjarnarnes	172,2
Selvogur	509,0
Siglufjörður	203,6
Stokkseyri	869,8
Vestmannaeyjar	136,2
Reykjanesskagi	54,5
Samtals:	14 190,3

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1984.
(Fjárhæð í þús. kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1983		Ríkishluti framkv. 1984	Fjárveit. almennra hafna ¹	Staða við ríkissjóð í árslok 1984	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	1 212,0		5 575,0	5 574,0	1 280,0	
2. Borgarnes		1 525,5	4 078,0	3 141,0		588,5
3. Arnarstapi	494,4		3 282,0	2 286,0	1 490,4	
4. Hellnar	1,4		0,5		1,9	
5. Ólafsvík	1 385,7		2 008,0	3 141,0	252,7	
6. Grundarfjörður	3 670,1		442,1	3 927,0	185,2	
7. Stykkishólmur	1 950,0		840,6	2 454,0	336,6	
8. Karlsey			40,0	2 257,0		2 217
9. Örlygshöfn		19,5	1,9			17,6
10. Patreksfjörður		24,4	667,5	1 187,0		543,9
11. Tálknafjörður	2 197,0		570,5	2 945,0		177,5
12. Bíldudalur	27,8		14,4	0,0	42,2	
13. Þingeyri		59,1	331,9	295,0		22,2
14. Flateyri		903,0	18,8	1 277,0		2 161,2
15. Suðureyri	1 324,4		430,1	1 964,0		209,5
16. Bolungarvík	3 475,4		3 583,6	3 731,0	3 328,0	
17. Ísafjörður	870,4		3 391,1	4 633,0		371,5
18. Súðavík	18,0		95,8		113,8	
19. Norðurfjörður	599,6		5 081,7	1 375,0	4 306,3	
20. Gjögur	6,8		0,0	0,0	6,8	
21. Dranganes	85,2		3,0	98,0		9,8
22. Hólmavík	462,5		203,1	393,0	272,6	
23. Hvammstangi		8,0	938,6	1 964		1 033,4
24. Blönduós	1 499,9		232,3	1 277,0	455,2	
25. Skagaströnd		1 269,8	3 272,3	1 473,0	529,5	
26. Sauðárkrúkur		120,1	327,4	196,0	11,3	
27. Höfsós		243,6	5 030,6	4 615,0	172,0	
28. Siglufjörður		666,2	1 215,2	1 178,0		629,0
29. Ólafsfjörður	215,0		842,5	1 571,0		513,5
30. Dalvík	67,8		7 512,7	7 364,0	216,5	
31. Hrísey		842,9	5			837,9
32. Árskógssandur		70,2	4,5			65,7
33. Hauganes	33,5		16,3		49,8	
34. Hjalteyri	46,1		0,8		46,9	
35. Akureyri	1 774,9		9 604,3	7 218,0	4 161,2	
36. Svalbarðseyri	63,6		75,1	98,0	40,7	
37. Grenivík		492,9	702,4	196,	13,5	
38. Grímsey	762,5		(123,5)	589,0	50,3	
39. Flatey á Skjálfanda		81,3	0,4			80,9
40. Húsavík		1 146,4	7 237,4	2 357,0	3 734,0	
41. Tjörnes	91,6			98,0		6,4
42. Kópasker		49,4	6,3			43,1
43. Raufarhöfn	145,1		1 224,1	1 473,0		103,8
44. Þórshöfn		1 032,8	172,7	1 375,0		2 235,1
45. Bakkafjörður	5 448,6		14 372,8	6 886,0	12 935,4	
46. Vopnafjörður	299,1		65,7	295,0	69,8	
47. Borgarfjörður e.	118,1		703,4	1 277,0		455,5
48. Seyðisfjörður	239,8		890,3	995,0	135,1	
49. Neskaupstaður	490,9		47,1	491,0	47,0	
50. Eskifjörður		126,4	10,4	0,0		116,0

	Staða við ríkissjóð í árslok 1982		Ríkisluti framkv. 1982	Fjárveit. almennra hafna	Staða við ríkissjóð í árslok 1983	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
51. Reyðarfjörður	291,9		0,0	295,0		3,1
52. Fáskrúðsfjörður		253,7	972,5	295,0	423,8	
53. Stöðvarfjörður		53,5	5 302,1	7 364,0		2 115,4
54. Breiðdalsvík		1 134,5	1 516,3	0,0	381,8	
55. Djúpvogur	613,3		17,0	589,0	41,3	
56. Hornafjörður	904,1		948,1	1 375,0	477,2	
57. Dyrhólaey	301,9		325,6	491,0	136,5	
58. Vestmannaeyjar	6 596,9		(2,9)	7 400,0		806,0
59. Stokkseyri		563,9	964,9		401,0	
60. Eyrarbakki		263,1	373,6	4 124,0		4 013,5
61. Grindavík		541,9	1 032,5	2 651,0		2 160,4
62. Hafnir	17,6		22,5	0,0	40,1	
63. Sandgerði	3 269,0		6 677,7	10 310,0		362,9
64. Garður		5,1	0,0		5,1	
65. Vogar		441,9	8,9			433,0
66. Hafnarfjörður	3 880,0		2 731,5	5 124,0	1 487,5	
67. Garðabær		4 416,0	9 062,1		4 646,1	
Samtals:	44 952,3	16 355,1	114 999,4	123 615,0	42 325,0	22 333,3